

Mál nr. 58/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið við mætingu.****Gögn.**

11. Málskot, móttakið 13.2.2013, ásamt fylgigögnum.
12. Bréf X, dags 1.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20.1.2013 ók M bifreið sinni, A, frá Skagaströnd til Dalvíkur. Á Öxnadalsheiði kvaðst M hafa mætt þremur stórum vöruflutningabifreiðum og sumum með tengivagna. Er hann mætti þessum bifreiðum hafi mikill hvellur orðið. Hann hafi því stöðvað og farið út til að gæta að hvað gerst hafði. Vegna myrkurs hafi verið erfitt að átta sig á aðstæðum. Þegar heim var komið hafi komið í ljós að eitthvað hafi kastast aftan á A og brotið út úr ljósi eða hlíf á ljósi sem liggur þvert yfir A að aftan. Telur M að tjörüköggull hafi kastast á A frá vöruflutningabifreiðunum, en umræddan köggul megi rekja til mikillar olíublæðingar úr slitlagi vegarins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu veghaldarans, V, hjá X vegna tjónsins sem varð á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin sönnunargögn liggja fyrir um það hvað olli þeim skemmdum sem urðu á A. Er þannig ósannað að tjóninu hafi valdið tjörüköggull sem hafi myndast af völdum olíublæðingar úr slitlagi vegarins. Þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna tjóns á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 22. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.